

29. nóvember 2004

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Í brefi dags. 11. nóvember 2004 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti, 34. mál, hagsmunir fjárfesta.

### 1. Skyldir aðilar

Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði inn í lög nr. 33/2003 skilgreiningu á hugtakinu skyldir aðilar og að tekið verði inn í löginn ákvæði um að skylda til að gera yfirtökutilboð verði virk þegar í hlut eiga skyldir aðilar. Gert er ráð fyrir að einstaklingar teljist skyldir aðilar ef um er að ræða maka eða barn og að lögaðilar teljist skyldir ef annar á a.m.k. 30% hlutafjár í hinum eða ef eigendur a.m.k. 30% hlutafjár í báðum eru hinir sömu eða skyldir aðilar.

Seðlabankinn telur æskilegt að sett verði í lög ákvæði um yfirtökuskyldu þegar í hlut eiga skyldir aðilar eða þegar um er að ræða samstarf aðila við nánar tilteknar aðstæður.

Pað leiðir af tilskipun 2004/25/EB um yfirtökutilboð<sup>1</sup> að skylt verður að taka slíkt ákvæði inn í íslensk lög. Samkvæmt 21. gr. tilskipunarinnar skulu aðildarríkin hafa innleitt ákvæði hennar þann 20. maí 2006.

Í d-lið 1. tl. 2. gr. tilskipunarinnar er að finna skilgreiningu á hugtakinu aðilar í samstarfi (e. *persons acting in concert*). Er þar átt við einstaklinga eða lögpersónur sem eiga með sér samstarf við bjóðanda (eða við félag sem boðið hefur verið í) á grundvelli samnings (skriflegs eða munnlegs samnings eða þegjandi samkomulags) sem miðar að því að ná yfirráðum í félagini eða að trufla fram komið tilboð.

Á vegum viðskiptaráðuneytisins er nú unnið að mótn tillagna til breytinga á lögum til að innleiða tilskipunina. Í þeim efnunum þarf m.a. að fara yfir skilgreiningu á samstarfi aðila. Kemur þar væntanlega til greina að setja fram löglkindareglu um það hvenær slíkt samstarf verður talið vera fyrir hendi, t.d. hvað varðar tengsl, skyldleika og yfirráð.

---

<sup>1</sup> Tilskipunin hefur ekki verið þýdd á íslensku. Enskt heiti hennar er: Directive 2004/25/EC of the European Parliament and of the Council of 21 april 2004 on takeover bids (Stjt. EB L 142 , 30/04/2004, bls. 12).

Mikilvægt er að huga að samræmi í löggjöf hér á landi og í öðrum EES-ríkjum, einkum á Norðurlöndunum, að því er varðar yfirtökur. Seðlabankinn telur því rétt að unnið verði að undibúningi ákvæðis um yfirtökuskyldu, þegar í hlut eiga skyldir aðilar, í tengslum við innleiðingu ofangreindrar tilskipunar fremur en að gerð verði sérstök breyting á ákvæðum laganna nú.

### 3. Veltuhraði

Í frumvarpinu er jafnframt lagt til að bætt verði inn í lög nr. 33/2003 skilgreiningu á hugtakinu veltuhraði og að tekið verði inn í löginn ákvæði um að þegar veltuhraði sé innan við ákveðin mörk skuli verð í yfirtökutilboði ákvarðað af dómkvöddum matsmönnum.

Í 4. tl. 5. gr. ofangreindrar tilskipunar um yfirtökutilboð er kveðið á um þá meginreglu að greiða skuli hæsta verð sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir bréfin á 6-12 mánaða tímabili fyrir tilboðið. Ákvæðið heimilar jafnframt að fjármálaeftirlit breyti verðinu við sérstakar aðstæður og í samræmi við tilgreindar aðferðir. Má þar t.d. miða við raunvirði félags við slit þess.

Á vegum viðskiptaráðuneytisins er nú unnið að innleiðingu þessa ákvæðis tilskipunarinnar. Hefur þar m.a. verið skoðað hvort æskilegt sé að setja inn sérstök skilyrði um lágmarksverð í tilboði.

Seðlankinn telur nauðsynlegt að fjallað verði um umrædda tillögu í frumvarpinu í samhengi við innleiðingu á ákvæðum tilskipunarinnar.

Í ljósi framansagðs leggur Seðlabankinn til að frestað verði afgreiðslu frumvarpsins sem hér er til umsagnar og að fjallað verði um efnisatriði þess í samhengi við frumvarpið sem unnið mun vera að á vegum viðskiptaráðuneytisins þegar þar að kemur.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson  
aðstoðarbiskupastjóri